

7. BEKKUR 2013
ÍSLENSKA

Settu límmiðann
innan rammans

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

HEFTI I

Nafn: _____

Bekkur: _____

Skóli: _____

- Merktu prófheftið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri eigi við þig.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Athugaðu að svör á aukablöðum eða rissblöðum verða ekki metin.
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

Lestu textabrotið úr **Vængjasláttur í þakrennum** og svaraðu spurningunum.

Dúfnakofinn okkar var varla risinn upp úr jörðinni þegar Tryggvi bróðir kom hjólandi innan úr djúpum, hverfinu þar sem götunöfnin enda öll á djúp. Í kringum hann glamraði allt og glumdi því á stýri hjólsins héngu tvær ryðgaðar reiðhjólajarðir með teinum í.

Tryggvi var klæddur í rauðköflóttu skyrtuna sína. Hann var allur sóttugur í framan og alþakinn hvítum mávafjöðrum yfir axlirnar. Hann hafði verið niðrí fjöru með einhverjum strákum.

Þeir höfðu verið að fíkta í kámugum skipaskrúfum slippskipanna og þrætt saman indjánabönd úr fuglafjöðrum þegar Tryggvi fann allt í einu ryðguðu gjarðirnar í fjörunni.

Tryggvi var hljóður.

Hann vildi ekkert segja hvað hann ætlaði að gera við þessar úr sér gengnu reiðhjólajarðir heldur hvarf með þær inn í bílskúr og læsti á eftir sér og hengdi þær upp í snærisspottum áður en hann byrgði bílskúrsgluggann og byrjaði að fínþússa gjarðirnar með sandpappír.

Í marga daga gleymdi hann sér alveg yfir gjörðunum, mataðist varla né svaf og hár hans stóð allt úti loftið. Það var engu líkara en hann ætlaði að verða ellidauður yfir gjörðunum þegar bílskúrshurðin opnaðist einn góðan veðurdag og Tryggvi kom út úr skúrnum með gljáfægt fuglabúr í höndunum; ryðgaðar reiðhjólajarðirnar höfðu tekið stakkaskiptum.

Þannig skall flóðbylgja fuglabúranna á.

Áður höfðu menn aðallega ferðast með eina og eina dúfu milli handanna eða stungið þeim innundir peysur. Á bílskúrspaninu var Tryggvi umkringdur strákum sem störfu í forundran og horfðu með ljóma í augunum á fuglabúrið hans.

Gömul páfagaukabúr komust í umferð og lítil dúfnahús með kaðalhöldum héldu innreið sína. Brátt sást varla reiðhjól án fuglabúrs og aftan á bögglaberum risu heilu kofarnir.

Viðskiptin tóku kipp. [...]

Alveg þar til Tryggvi eignaðist drifhvíta ísarann hékk handsníðaða fuglabúrið hans alltaf á ryðguðum járnkrók úti bílskúr yfir nóttina. Með einhverjum dularfullum hætti hefur honum tekist að temja ísarann og getur látið hann ganga eftir vísifingri hægri handar og sitja á höfði sér.

Síðan þá hangir fuglabúrið yfir rúminu hans inni herbergi og þar sefur ísarinn sem á morgnana vekur Tryggva með kurri sínu stundvíslega klukkan átta þegar Tryggvi á að fara í skólann.

Þá fer Tryggvi fram úr og sleppir ísaranum fram af svölunum. Drifhvítur flögrar hann yfir húsunum þar til hann kemur aftur og tyllir sér hjá bygghrúgunni sem Tryggvi hefur í millitíðinni lagt á svalahandriðið.

(Einar Már Guðmundsson, 1983. Vængjasláttur í þakrennum)

⊥

1. **Hvað var nýbyggt í upphafi textans?**

- ₁ bílskúr
₂ hús
₃ kofi

2. **Hvers vegna glamraði í hjólinu?**

- ₁ Göturnar voru holóttar.
₂ Hjólið var gamalt.
₃ Málmar rákust saman.

3. **Hvers vegna var Tryggvi sótuður?**

- ₁ Fjaðrirnar voru fitugar.
₂ Hann nennti ekki að þvo sér.
₃ Skrúfurnar voru óhreinar.

4. **„Ryðgaðar reiðhjólajarðirnar höfðu tekið stakkaskiptum“**

Þýðir að þær höfðu

- ₁ beyglast.
₂ breyst.
₃ ryðgað.

5. **Hvers vegna höfðu menn stungið dúfum innundir peysur áður fyrr?**

- ₁ Til að enginn gæti séð þær.
₂ Til að flytja þær milli staða.
₃ Til að temja þær.

6. **Hvað fannst öðrum strákum um fuglabúrið?**

- ₁ Þeim stóð á sama.
₂ Þeim var brugðið.
₃ Þeir voru fullir aðdáunar.

⊥

7. **„Viðskiptin tóku kipp.“**

Við hvað er átt?

- ₁ Dúfur urðu dýrari.
₂ Fleiri dúfur voru seldar.
₃ Verð á dúfum lækkaði.

8. **Þegar Tryggvi eignaðist ísarann breyttist ___?___ á fuglabúrinu.**

- ₁ samsetningin
₂ staðsetningin
₃ útlitið

9. **Í hvaða röð gerast þessir atburðir í sögunni?**

A bílskúrshurð opnast

B fuglabúr sett á reiðhjól

C ísarinn sefur inni í herbergi

D reiðhjólajarðir fundnar

- ₁ ABC
₂ BCD
₃ CAB
₄ DBC

10. **Kaflinn fjallar um ___?___ stráka.**

- ₁ áhugamál
₂ bernskubrek
₃ samskipti

Málfræði

11. Merktu við orðið sem er í hvorugkyni, fleirtölu.

- ₁ börn
- ₂ krakkar
- ₃ systur
- ₄ unglingar

12. Merktu við orðið sem er í kvenkyni.

- ₁ andi
- ₂ grjón
- ₃ sýn
- ₄ sýni

13. „Eggin voru harðsoðin.“
Hvers vegna er eitt –n í harðsoðin?
Orðið er í

- ₁ hvorugkyni, fleirtölu
- ₂ karlkyni, þolfalli
- ₃ kvenkyni, eintölu
- ₄ kvenkyni, þolfalli

14. Hvernig er orðið „eiginkona“ í eignarfalli, fleirtölu?

- ₁ eiginkona
- ₂ eiginkonum
- ₃ eiginkvena
- ₄ eiginkvenna

15. Sigrún fór til frænku sinnar og fékk lánaða bók og skilaði kveðju frá mömmu sinni. Hvert undirstrikuðu orðanna er í þágufalli?

- ₁ bók
- ₂ frænku
- ₃ kveðju
- ₄ Sigrún

16. Merktu við orðið sem passar í setninguna.

Ég vildi að Kalli ___?___ með mér.

- ₁ fari
- ₂ fer
- ₃ fór
- ₄ færi

17. Hvaða sögn sem lýsir hreyfingu getur staðið með þessu nafnorði?
Hesturinn ___?___.

- ₁ brokkar
- ₂ frýsar
- ₃ hneggjar
- ₄ sefur

18. Merktu við línuna sem lýsir einkennum lýsingarorða.

- ₁ Þau beygjast ekki eftir kyni, tölu eða falli.
- ₂ Þau bæta oftast við sig greini.
- ₃ Þau eru einu fallorðin sem geta stigbreyst.
- ₄ Þau geta ekki staðið með nafnorðum.

19. Hvert þessara lýsingarorða er notað til að lýsa hári?

- ₁ gróft
- ₂ heitt
- ₃ lotið
- ₄ þrekið

20. Hvar er að finna tvö nafnorð í eintölu?

- ₁ Fólkið var allt klætt í stuttbuxur.
- ₂ Guðmundur fór af landi brott.
- ₃ Verkefni voru næg allan daginn.
- ₄ Það vantar fólk eins og þig til starfa.

⊥ ⊥

21. Hvernig er „hál gata“ í þágufalli eintölu með greini? Hann rann á _____?

- ₁ hála götuna.
- ₂ hálli götunni.
- ₃ hálri götu.
- ₄ hálum götunum.

22. Orðtakið „eitthvað er ekki á vetur setjandi“ er komið úr

- ₁ hermennsku.
- ₂ íþróttum.
- ₃ landbúnaði.
- ₄ sjómennsku.

23. Í orðabók eru m.a. gefnar þessar útskýringar á orðinu „kvistur“.

- A. trjágrein, frjóangi e.k. eitill í viði
- B. kjarr, hrís, víðir
- C. útbygging út úr þaki húss.
- D. hnakkakúla í fiski.

Hver er merking orðsins „kvistur“ í vísunni Uglya sat á kvisti?

- ₁ A
- ₂ B
- ₃ C
- ₄ D

24. „Þetta er tóm tjara“ merkir

- ₁ Þetta er á allra vörum.
- ₂ Þetta er bara lygi.
- ₃ Þetta er hrein vitleysa.
- ₄ Þetta er mikil svartsýni.

25. Hvaða málsháttur hefur tvö samnöfn?

- ₁ Eftir er sporður þó af sé höfuðið.
- ₂ Ei er sopið þótt í ausuna sé komið.
- ₃ Margt smátt gerir eitt stórt.
- ₄ Sjaldséðir eru hvítir hrafnar.

⊥ ⊥

26. Hvert þessara orða hefur andstæða merkingu við orðið „fákænn“?

- ₁ forvitinn
- ₂ grunnur
- ₃ hrufóttur
- ₄ vitur

27. Hvaða lýsing á við um fjall?

- ₁ Á brún hálsins reyndust vera hvassar eggjar.
- ₂ Bárurnar skullu með krafti á bergið.
- ₃ Gróðurinn á bökkunum þarfnast raka.
- ₄ Í bollunum óx mosi og runnagróður.

28. Hvert orðanna er gjarnan notað til að lýsa útliti fólks?

- ₁ fjallmyndarlegur
- ₂ sjálfumglaður
- ₃ stórkostlegur
- ₄ þverhníptur

29. Kjarr getur verið

- ₁ gisið.
- ₂ gruggugt.
- ₃ slitið.
- ₄ sprungið.


30. Orðið „vísa“ getur bæði verið nafnorð og

- ₁ fornafn.
- ₂ lýsingarorð.
- ₃ sagnorð.
- ₄ smáorð.

Ritun

Skrifaðu sögu um myndina.

Mundu að notfæra þér allt sem þú hefur lært um ritun, til dæmis frágang, stafsetningu og atburðarás (upphaf, meginmál og endi).



Blank writing area with horizontal lines.

autt

S/F

0 1

BE

0 1 2

MS

0 1

2 3

E

0 1 2

3 4

Stafsetning

Nú verður lesin æfing í stafsetningu. Skrifaðu orðin sem vantar í eyðurnar eftir upplestrinum. Hver málsgrein er auðkennd með bókstaf sem lesinn er upp á undan málsgreininni. Fyrst verður gert hlé eftir hverja eyðu þannig að þú hafir tíma til að skrifa orðin. Síðan verður málsgreinin lesin í heild. Loks verða allar málsgreinarnar lesnar aftur.

Hér má
hvorki skrifa
né stimpla

autt

- A. Ég heiti _____ og er _____ ára.
- B. Ég bý með _____ minni á _____.
- C. Við gerum _____ saman.
- D. Til dæmis er _____ farið í útilegu í _____.
- E. Í þetta sinn förum við í _____.
- F. _____ vill sleppa slíkri ferð.
- G. Við tjöldum _____ frá _____.
- H. _____ daginn munum við skoða
_____ sem þarna eru.
- I. Af fuglum má t.d. nefna _____
og _____.
- J. Í vatninu veiðist _____ og _____
í ánum í _____.

⁰ ¹ / ⁰ ¹

⁰ ¹ / ⁰ ¹

⁰ ¹ / ⁰ ¹

⁰ ¹ / ⁰ ¹

⁰ ¹

⁰ ¹ / ⁰ ¹

⁰ ¹ / ⁰ ¹

⁰ ¹

⁰ ¹

⁰ ¹

⁰ ¹

⁰ ¹ / ⁰ ¹

⁰ ¹